

Jónas Jónsson frá Hriflu

## **Henry George og jafnaðarmennskan**

Réttur

Tímarit um félagsmál og mannréttindi

1. hefti

2. ár

1917

## Henry George og jafnaðarmenskan.

### 1. Atvinnufélög og jafnaðarmenska.

(Úr »Science of Political Economy« II., 7.)

Á 19. öld kom fram verndarregla fyrir verkalyð er »Chartisme«\* nefndist; kom hún fyrst upp á Englandi og breiddist síðan víða út. En þeirri stefnu fór sem öðrum verndarhugmyndum, að hún gerði engan greinarmun á jarðarafurðum og vinnuafurðum, en taldi hvortveggja til auðs, og reyndi að bæta kjör verkamanna með ofbeldisverkum. Hún gerði verkamennina að sérstakri stétt, sem eðlilega væri með öllu fráskilin vinnuveitendum, og reyndi því að safna verkamönnum saman í samband, og síðan í nafni þess sambands að fá yfirvöldin til þess að leggja hömlur á vald vinnuveitenda, stytta vinnutímann o. fl. Þannig reyndu þeir að kreppa að vinnuveitendum og greiða máli sínu götu. Þýzku vísindin, hálærð, skriffinskuleg og óaðgengileg, eins og þau eru vön að vera, steyptu þessar kenningar upp í vísindalegt kerfi, sem kent er við *Karl Marx*; ritaði hann afarmikið rit í 3 bindum: »Das Kapital« (Auðurinn) í Englandi á þýzka tungu 1867. Hann gerir engan mun á því sem náttúran og maðurinn framleiðir, en

\* »The Chartism« kom fyrst upp á Englandi um 1817, og átti fyrst erfitt uppdráttar, en niðurstaða baráttu þeirra á Englandi er kosningarréttur verkamanna.

tekur aðeins til greina tvennskona verðgildi: notagildi og kaupgildi (skiftagildi); ennfremur heldur hann því fram, að auðmaðurinn, sem lætur verkamenn breyta ó-unnum efnum í kaupeyri (söluvöru), beiti ýmskonar slægðarbrögðum við kaup og sölu, og nái þannig hærra verði en hann hefur lagt fram. Síðan hafa menn byggt ofan á þessa skýringu málsins hjá Marx — því að vísindaleg niðurstaða getur það varla heitið — og ýmislegt annað sama kyns, bæði gert pólitískar stefnuskrár með smáföldum tilbreytingum, og sett á stofn hinar og þessar pólitískar hugmyndabyggingar.

Þessar hugmyndabyggingar hafa menn kallað *sósíalisma* eða jafnaðarmensku, hve ólíkar sem stefnurnar hafa verið. Menn hafa meir að segja talað um »vísindalega jafnaðarmensku«, eins og það væri hægt að ná henni frá ríkisvöldunum. En þá eru höfð skifti á vísindunum sjálfum og einhverju því sem er daglegur hlutur eða pólitískt mál — ráðagerð eða tillaga, en engin vísindi —; því að allt þetta, sem snertir þroska daglegs lífs, er bundið við náttúrulögmál, en ekkert mannlegt ráðabrudd, og við afstöður, sem altaf hafa verið til og ætíð verða til. Jafnaðarmenskan gengur fram hjá öllum náttúrulögmálum, leitar þau ekki uppi og lagar sig ekki eftir þeim. Hún er einskonar vanabundin kenning, eins og hver önnur pólitísk kenning, en þjóðmegunarfræðin er skýring á þeim óumbreytanlegu lögmálum, sem fólgin eru í mannseðlinu frá öndverðu. Aðalkrafa jafnaðarmanna er sú, að ríkið eða þjóðfélagið taki að sér öll framleiðslufæri: jörð, fé og mennina með; fyrirþjóði alla samkeðni og skifti mönnum í tvo flokka, *stjórnendur*, sem taka á móti fyrirskipunum stjórnarvaldanna og starfi eftir þeirra fyrirsögn, og *verkalýð*, sem á að eiga alla framleiðsluna, og teljast stjórnendurnir til hans. Það er gamla stjórnarlagið frá Perú, að öðru leyti en því, að guðdómsviljans og guðdómsvaldsins er að engu getið. Jafnaðarstefna vorra tíma er móthverf öllum átrúnaði, stefnir í

guðleysisáttina og er losalegri og samhengislausari en nokkur önnur lífsskoðun, sem eg þekki til. Mannkynið er til — en hvernig til orðið er látið ósagt — og verður að laga veröldina til handa sér, koma skipun á alla þá ringulreið, sem í henni er. Hún kannast ekki við neitt réttarkerfi fyrir einstaklinginn til þess að ákvarða, hvað frelsi einstaklingsins geti náð langt, og setur engar reglur fyrir, að hve miklu leyti ríkið má takmarka það. Og úr því að einstaklingurinn hefur enga frumreglu til þess að binda sig við, þá getur þjóðfélagið heldur ekki haft hana. Hvernig menn hafa farið að kalla slíkan samsetning vísindi og hvernig nokkrir menn hafa orðið til að gerast fylgismenn hans, verður helzt að eigna þessum »meinlega fimleika að rubba upp bókum hugsunarlaust« og þeirri list þýzkra lærdómsmanna, að ransaka smámuni án þess að hafa neina frumsetningu á bak við og láta svo flakka, og svo þessum aragrúa af embættismönnum, sem þetta skriffinskuskipulag hefur í för með sér. Stjórnin hefur ofsótt stefnuna, og hún hefur gengið í samband við atvinnufélög, og hefur þetta hvorttveggja orðið til þess, að hún hefur náð feiknaútbreiðslu í Þýzka-landi og margir hafa hallazt mjög að henni á Englandi og víðar.

## 2. Samvinna. Staðleysur jafnaðarmenskunnar.

(Sama rit III., 10.)

Skip og járnbrautir vorrar tíðar er afurð af menningu hennar, eftirsókn einstaklinganna að vinna saman; en það er einmitt aðaleinkunn menningarinnar nú þessi *ósjálfráða* samvinna, sem ekki myndast fyrir mannastjórn að utanfrá, heldur vex eins og að innanfrá við það að einstaklingarnir taka sér framsóknarstefnu þannig, að hver maður reynir að fullnægja sinni þrá. Hvaða mannlegur drottinvaldur sem væri megnaði ekki að koma upp

einu einasta slíku skipi, nema þjóðmenningin legði tæk-in til þess upp í hendurnar á honum, og það ekki, þó hann hefði ráð á miljónum af mannsöflum. Faraó, sem reisti pýramída, Gengiskan, sem hlóð hauga úr manna-höfðum, Alexander, Cæsar og sjálfur Hinrik 8. gátu það ekki.

Sú samvinnutegund, sem líkja má við það að *stjórna* skipi, er ekki mikils virði. Hana geta allir lært. En sú samvinnutegund, sem gera verður ráð fyrir við *smíði* á skipi, er stórum mun djúptækari og margbrotnari. Hún er ekki háð vitundarvaldi manna, stjórn þeirra og framleiðslumagni. Mannleg stjórnhyggja getur hvorki aukið hana né bætt, engu fremur en vilji manna getur bætt einum þumlungi við hæð sína. Það eina, sem vitundarviljinn getur stutt hana með, er að lofa henni að vera sjálfráðri (*laissez-faire*) og lofa hverjum einstaklingi að reyna að fá kröfum sínum fullnægt á þann hátt er honum þykir bezt við eiga. Ef menn fara að beita þeirri samvinnutegund, sem þarf ytri stjórnar, á þá samvinnutegund, sem þarf innri stjórnar, er það líkast því eins og menn byggjust við að maður, sem byggði fjárhús, byggji líka til kindurnar í það.

Þetta er einmitt aðalvilla allrar jafnaðarmensku. Það er orsökina til þess, sem allar athuganir benda á og sanna, að þegar stjórnin fer að hlutast til um það að styðja borgaralega velgengni manna, eða gerir meira að því en verður að vera innan hinna þröngu takmarka stjórnarfarsins, verður það jafnan til illis eins, og verður einmitt til þess að tálma því, sem hún ætlaðist til\*.

Að þetta er áreiðanlega rétt og skynsamlegt, hygst eg geta sannað, að minsta kosti að nokkru leyti, þegar þess er gætt, að frummagn allrar framleiðslu er hugsun — vitsmunir, andleg, en ekki líkamlegt afl. Og þetta frum-

\* Hér má minna á tvent: verndartolla og bannlög.

magn hjá manningum, vitsmunaaflið, er ekki hægt að reka eða sjóða saman í eitt eins og líkamsaflið, efnamagnið.

Tveir menn geta dregið eða hafið á loft helmingi meiri þunga en einn, og hundrað þúsund menn eru hundrað þúsund sinnum sterkari en einn maður, ef afli þeirra er vel stjórnað. En enginn getur þannig lagt saman *vitsmuni* manna. Tveir menn sjá ekki helmingi lengra en einn, og hundrað þúsund menn geta ekki gert jafnmargar heppilegar ráðstafanir. Ef það væri rétt þetta orðtæki, »því fleiri ráðunautar, því meira vit«, þá nær það aðeins til þess, að menn komast heldur hjá öfgum og vitleysum, ef margir ræða málið. En þó missa menn þar oft af þeim hærri kostum, sem til þarf til þess að dæma mál rétt og taka í réttan tíma í strenginn. Aldrei hafa menn haldið því fram, að sigurinn væri vísari, ef yfirhershöfðingjarnir væru margir; hitt heldur, að »einn lélegur yfirhershöfðingi væri betri en tveir góðir«.

Við fyrri samvinnuáferðina, þar sem t. d. 10 menn toga í taug í sömu átt undir stjórn eins manns, verður líkamsafl 10 manna að notum undir andlegri stjórn eins manns; en við það missist andlegur kraftur hinna 10 manna, 9 kemur ekki að notum. Árangurinn yrði ekkert meiri eða minni, þó þessir 10 menn væru alveg sviftir andlegu magni sínu á meðan þeir eru að toga, og ynnu aðeins sem vélar. Vér gætum vel hugsað oss, að menn næðu slíku valdi yfir efniskröftum náttúrunnar, að skipstjóri þyrfti ekki annað en styðja á hnapp til þess að setja stýri, segl eða vélina af stað, svo að hann gæti stjórnað skipinu skipshafnarlaust og skipið yrði þannig eins og fugl á flugi.

En ef tekið er tillit til hinnar sjálfstæðu samvinnu, sem eg hef minnst á, þar sem stjórnin er að innan frá, þá verður framleiðslumagnið eigi aðeins *samsafn* af *kröftum* einstaklinganna, heldur og af *vitsmunum* þeirra. Ef eg mætti hafa »mannskraft« *M* sem nafn á líkamskrafti einstaklingsins og »hugsunarkraft« *H* um andlegan kraft

þeirra, þá mundi eftir fyrri aðferðinni öllu til skila haldið, ef árangurinn yrði  $100000 M \times 1 H = 100000 MH$ , en eftir síðari aðferðinni yrði árangurinn  $100000 M \times 100000 H = 10000,000000 MH$ .

Eg skal kannast við það, að dæmi þetta er nokkuð stírbusalegt, en það sýnir greinilega muninn á þessum tveimur samvinnuáðferðum og þroskamagni þeirra; en það er auðsjáanlegt á því, að með síðari aðferðinni koma allir vitsmunakraftar einstaklinganna til greina og nota, en með fyrri aðferðinni fara þeir nærfelt að öllu forgörðum.

Með öðrum orðum: maðurinn getur ekki neytt allra hæfileika sinna nema athafnir hans séu með öllu frjálsar. Ef viljamagn einstaklingsins er beygt undir annan vilja, hefur það í för með sér missi á framleiðslumagni, sem þarf vitsmuna með; en það að beygja einn vilja undir annan getur aftur á móti greitt fyrir því, að eitthvað komist á leið. Þetta sést bezt þar sem þrælahald er eða þar sem stjórnin er gefin fyrir það að leggja óþarfabönd á frelsi einstaklinganna. En þar sem eining er í framsóknartilraununum eða samband þeirra er trygt, en einstaklingsfrelsið látið óskert, þar getur framleiðslumagnið náð sér á strik og árangurinn orðið margfaldur.

Til er sá stírdleiki í vöðvavefnum, sem veldur því, að eg hef ekki eins gott vald á augunum, þegar eg fer að eldast eins og á yngri árum, og get því ekki lesið á bók eins vel og áður. Ef eg sting nálargat á spil og horfi í gegnum það með öðru auganu en loka hinu, þá útilokast svo margir ljósgeislar, að þeir fáu, sem ná til nethimunnar, flækjast ekki hver fyrir öðrum, og eg get lesið eins og áður um stund. En það fæst með því að loka marga geisla úti. En með hæfilega faguðum gleraugum get eg notað þá alla.

Því er nokkuð svipað varið, þegar menn vilja tryggja sér að starfsemi verði samkynja eða sjálfri sér lík með fyrri samvinnuáðferðinni, þar sem hin síðari á eðlilega

miklu betur við, eins og gleraugun eiga miklu betur við að bæta sjónina en nálargatið. En tilraunir jafnaðarmanna eru einmitt í sömu áttina og það.

Við skulum hugsa oss hóp af mönnum, sem ætti að ala upp eftir hugmyndum jafnaðarmanna og koma með ytri forgöngu á verkaskiftingu þeirri á meðal þeirra, sem skapast af sjálfu sér meðal frjálsra manna. Auðvitað þarf með nokkurra mætra manna til þess hafa á hendi vitsmunaforgöngu framkvæmdanna, því að þótt ósýnilegir leiðtogar kynnu að vera til, þá höfum vér ekki ráð á þeim.

En auk þess: margir örðugleikar eru eftir almennri reynslu því samfara að kjósa þá, sem völdin skulu hafa á hendi; og mörgum þeirra hættir við að gerast gjör-ráðir og ráðríkir, er þeir hafa náð valdi yfir athöfnum annara. En þó það aldrei nema hepnadist að velja að-eins þá vitrustu og beztu, þá yrði það meir en lítil byrði, sem þeim yrði lögð á herðar að vera altaf að segja fyrir *hvenær*, *hvar*, *hvernig* og *af hverjum* þetta og þetta skuli gert. Slík vitsmunaforganga og umsjón með þessum margflóknu og fjölbreyttu störfum og afstöðum, og verkaskiftingin sjálf og niðurrjöfnun hennar í mentuðu landi, yrði byrði, sem engum manni væri fært að rísa undir, þótt hann hefði sig allan við. Slík vitsmunastjórn liggur viðlíka langt fyrir ofan alla mannlega krafta, eins og ef menn ættu að fara að ráða yfir blóðrásinni eða meltingunni í sjálfum sér.

Aristóteles, Cæsar, Shakspeare og Newton má telja fyrirmyndir fullkomins mannlegs þroska. Skyldi nokkur þeirra hefði getað haldið sér lifandi einni mínútu lengur, hefðu lífsstörfin í líkama þeirra verið komin undir því, hvernig þeir hefðu sagt þeim fyrir að fara fram? Sagan segir, að Newton hafi aldrei haft lag eða hugsun á að láta í pípu sína. Konan hans hafi altaf orðið að gera það. Hvernig skyldi hafa farið, ef hann hefði átt

að stjórn hjartslættinum og meltingunni í sjálfum sér með vitsmunum sínum?

Vitsmunamagnið í oss, vitundarandinn, það athugar, ber saman, metur og velur, og er þannig aðdánlegur og viðtækur kraftur; en þó má líkja honum við augað, sem að visu getur séð fjarlægjar sólir og rakið vetrarbrautina, en getur aldrei séð sinn innri sjónfærabúnað. Líkaminn, sem andi vor býr í, er óendanlega samsett og margbrotið vélasmiði, og í gegnum það hugsar andinn, finnur til og fær vitneskju um hinn ytri heim, og lætur þar vilja sinn í ljós út á við. Þetta byggist alt á vitsmunum, sem ekki vita af sér (ósjálfráðum vitsmunastörfum) og starfa líka, þó að vitundarlífið hvílisk. Þeir eru á verði á meðan það sefur. Þeir spyrja það ekki um leyfi og gera alt sem þeim sýnist án allrar íhlutunar af þess hálfu og það skiftir sér lítið eða ekkert af því.\*

Sama er með samvinnu þá, sem stjórnar sér sjálf ósjálfrátt meðal einstaklinganna í iðnaðarlíkama heimsins, tengir saman krafta einstaklinganna til ákaflegrar aukningar framleiðslumagnsins til fyllri velsældar og skiftir arðinum hlutfallslega á milli meðlima iðnaðarlíkamans. En eðli og lög slíkrar samvinnu á þjóðmegunarfræðin að ákveða, enda er það helzta viðfangsefni hennar.

(Sama rit, III., 11.)

Það er undarlegt og umhugsunarvert, að það eru ekki þær lífverurnar, sem næstar oss standa að líkamlegum þroska og byggingu, sem hafa skapað sérstakt félagslíf,

\* Sem skýringu þessa má taka það fram, að það er hið ósjálfráða vitsmunalíf vort, sem ræður andardrætti, hjartslætti, blóðrás, meltingu o. fl., án þess vitundarlífið skifti sér nokkuð af því.

(Þýð.)

heldur annað stórum fjærskyldara, *skorkvikindin*. Maurar og býflugur gera bústaði sína, safna vistum, ala upp afkvæmi sín, berja frá sér óvini sína o. fl. með þeirri samvinnufestu, að það minnir á skipulegt mannfélag, og gerir oss þau miklu nærstæðari en æðri dýrin, sem oss eru þó miklu líkari að líkamsgerð.

Að visu virðist samvinnan meðal þessara dýra stjórnast af ytri forgöngu annara dýra, ef fljótt er á lítið, svo að vitsmunaforgangan leiði til vitundarhlýðni. Býflugnaþúið hefur drotningu sína, drjóna og vinnubý. Maurarnir fylkja liði bæði til bardaga og vinnu eins og herir til orustu og atvinnu.

En ef vel er aðgætt, er þetta aðeins, að það sýnist svo. Það er innra, ósjálfrátt vitsmunamagn, eðlisleiðslu má kalla það, sem verkar beint á einstaklingana, svo að hver þeirra fer með frjálsum vilja til sinna starfa, og vinnur þar eins og lífsanginn í fræinu eða egginu, sem vinnur ósjálfrátt, þangað til fram kemur planta eða fuglsungi.

Maðurinn með sjálfsafvitund hefur lítið af þessu eðlisleiðslumagni. Lífsstörfín ósjálfráðu ganga að visu sinn vanangang í honum eins og öðrum skepnum, en eðlisleiðslan virðist hafa dregið sig mjög í hlé við það að skynsemin hefur tekið að sér forustuna. En skynsemin tekur þá að sér hlutverk eðlisleiðslunnar, og hefur ráð á óendanlegum úrræðum til þess að sameina takmarkastefnur einstaklinganna og beina þeim í þær áttir, sem bezt henta. Kenna mönnum að losa sig við það, sem miður á við og gerir framsóknina ógreiðari, og ná færum á að fá það, sem greiðir götuna áfram. En þegar til kastanna kemur með slíkt, er mest um vert, að kunna að velja og hafna, og þar á skynsemin að vera leiðtögin.

Par eð eg hef orðið þess var, að margir telja Henry George til jafnaðarmanna, hef eg snúið þessum köflum úr »Þjóðmegunarfræði« hans, til þess að sýna, að það er ekki rétt álitid, ef telja skal til þess jafnaðarstefnu þá, sem ofaná hefur orðið hér í norðurálfu og þýzku jafnaðarspekingarnir: Lasalle, Marx og Bebel hafa sett í fræðikerfi. George stendur langt fyrir utan allar verkmannaæsingar,\* en heldur fram samvinnustefnunni og hagsmunafélagsskapnum, bygðum á þeim grundvelli, sem hann finnur að er grundvöllur náttúruþroskans og náttúruhlífisins. Með því vill hann láta velferð og vellíðan manna þroskast og myndast af sjálfu sér með hyggilegu fyrirkomulagi atvinnulífisins og atvinnuréttindanna í heiminum. Byltinga- og æsingalaust vill hann það gangi fram til æðri þroskunar mannfélagslífisins eftir lögmálum, sem greiða götu að hagsæld og velsæld allra einstaklinga mannfélagsins. Það leynir sér ekki, að hann hefur illa trú á kenningum hinna þýzku sósíalista, af því að þær séu vanhugsaðar og raski eðlilegu jafnvægi atvinnulífisins, þótt á hinn veginn maður verði að kannast við, að vanséð sé, hvort skoðanir hans eigi alstaðar við, þó að þær kunni að eiga við í Ameríku og audlöndunum.

(J. J.)



\* Á það benda meðal annars orð þau, sem höfð eru upp eftir honum á bls. 21 hér að framan.